reliability	áreiðanleiki	ability of a structure or a structural member to fulfill the specified requirements, including the design working life, for which it has been designed. Reliability is usually expressed in probabilistic terms	hæfni burðarvirkis eða burðarvirkiseiningar til að uppfylla tilgreind skilyrði, þar á meðal nýtingartíma hönnunarinnar sem það hefur verið hannað fyrir. Áreiðanleiki er yfirleitt gefinn til kynna með líkindahugtökum

reliability differentiation	sundurgreining á áreiðanleika	measures intended for the socio-economic optimization of the resources to be used to build construction works, taking into account all the expected consequences of failures and the cost of the construction works	ráðstafanir sem ætlaðar eru fyrir félagslega og hagræna bestun á fjármagni sem nota skal í byggingaframkvæmdir, þar sem gert er ráð fyrir öllum áætluðum afleiðingum bilana sem og kostnaði á byggingaframkvæmdum
repair	viðgerð	activities performed to preserve or to restore the function of a structure that fall outside the definition of maintenance	starfsemi sem unnin er til að varðveita eða koma aftur á virkni burðarvirkis en fellur utan við skilgreiningar á viðhaldi
representative value of an action (F_{rep})	dæmigert gildi áraunar	value used for the verification of a limit state. A representative value may be the characteristic value (F_k) or an accompanying value ($_{Fk}$)	gildi notuð til að sannprófa markstöðu. Dæmigert gildi getur verið eigin gildi (F_k) eða meðfylgjandi gildi eða hliðargildi ($_{Fk}$)
resistance	mótstaða	states associated with collapse or with other similar forms of structural failure	ástand sem tengist hruni eða ámóta tegundum bilanna í burðarvirkjum
reversible serviceability limit states	afturkræf notkunarmarkstaða	serviceability limit states where no consequences of actions exceeding the specified service requirements will remain when the actions are removed	notkunarmarkstaða sem felur í sér að engar afleiðingar árauna umfram tilgreind þjónustuskilyrði verða áfram til staðar þegar áraunir hafa verið fjarlægðar
rigid plastic analysis	bein plastísk greining	analysis, performed on the initial geometry of the structure, that uses limit analysis theorems for direct assessment of the ultimate loading	greining, sem framkvæmd er á upphaflegri lögun burðarvirkisins, þar sem notuð er markgildisgreining eða markgildissetningar til nákvæms mats á endanlegu álagi

second order elastic-perfectly plastic analysis	annarrar gráðu fjaðurmögnuð og fullkomlega flotkennd greining	structural analysis based on moment/curvature relationships consisting of a linear elastic part followed by a plastic part without hardening, performed on the geometry of the displaced (or deformed) structure	burðarþolsgreining byggð á kraftvægis/beygju-venslum sem samanstanda af línulegum fjöðrunarhluta sem fylgt er eftir með plasthluta án herðandi efnis, sem unnin er á umfang á formbreyttu (eða aflöguðu) burðarvirki
second order linear-elastic analysis	annarrar gráðu línuleg fjöðrunargreining	elastic structural analysis, using linear stress/strain laws, applied to the geometry of the deformed structure	fjöðrunar- og burðarþolsgreining byggð á línulegum spennu/bjögunar-lögmálum og beitt á umfang formbreytts burðarvirkis
second order non-linear analysis	annarrar gráðu ólínuleg greining	structural analysis, performed on the geometry of the deformed structure, that takes account of the non-linear deformation properties of materials	burðarþolsgreining, gerð á umfangi á formbreyttu burðarvirki sem tekur mið af ólínulegum formbreytingareiginleikum efna
seismic action (A_E)	jarðskjálftaáraun	action that arises due to earthquake ground motions	áraun sem kemur fram vegna jarðhræringa sökum jarðskjálfta
seismic design situation	hönnunaraðstæður í jarðskjálfta	design situation involving exceptional conditions of the structure when subjected to a seismic event	hönnunarástand sem felur í sér sérstakar aðstæður burðarvirkis þegar það verður fyrir jarðskjálfta
serviceability criterion	þjónustustigsviðmið	design criterion for a serviceability limit state	hönnunarviðmið fyrir þjónustustigsmarkstöðu
serviceability limit states	þjónustustigsmarkstaða	states that correspond to conditions beyond which specified service requirements for a structure or structural member are no longer met	ástand sem samsvarar aðstæðum sem eru utan þeirra marka þegar tilgreindar þjónustukröfur burðarvirkis eða burðarvirkiseiningar eru ekki lengur uppfylltar

single action	stök áraun	action that can be assumed to be statistically independent in time and space of any other action acting on the structure	áraun sem gera má ráð fyrir að sé tölfræðilega óháð í tíma og rúmi öllum öðrum áraunum sem kunna að herja á burðarvirkið
static action	stöðuáraun	action that does not cause significant acceleration of the structure or structural members	áraun sem veldur ekki merkjanlegri hröðun á burðarvirki eða burðarvirkiseiningu
strength	styrkur	mechanical property of a material indicating its ability to resist actions, usually given in units of stress	aflfræðilegir eiginleikar efnis sem gefa til kynna getu þess til að standast áraunir, vanalega gefnir upp í spennueiningum
structural analysis	burðarþolsgreining	procedure or algorithm for determination of action effects in every point of a structure	aðferð eða reiknirit sem ákvarðar áhrif árauna á öllum stöðum burðarvirkis
structural member	burðarvirkiseining	physically distinguishable part of a structure, <i>e.g.</i> a column, a beam, a slab, a foundation pile	hluti sem er útlitslega aðgreinanlegur frá burðarvirki, t.d. súla, bjálki, hella eða undirstöðustafli
structural model	burðarvirkislíkan	idealisation of the structural system used for the purposes of analysis, design and verification	hugmyndaframsetning á burðarkerfi sem notuð er í greiningar-, hönnunar- og sannprófunartilgangi
structural system	burðarvirkiskerfi	load-bearing members of a building or civil engineering works and the way in which these members function together	burðareiningar byggingar eða mannvirkjagerða og á hvaða hátt þessar einingar vinna saman
structure	burðarvirki	organised combination of connected parts designed to carry loads and provide adequate rigidity	skipulögð samsetning tengdra hluta sem ætlað er að standast áraunir og veita fullnægjandi stífni
transient design situation	hönnun til skamms tíma	design situation that is relevant during a period much shorter than the design working life of the structure and which has a high probability of occurrence	hönnunarástand sem á við meðan á tímabili stendur sem er mun skemmri en nýtingartími hönnunar burðarvirkisins og felur í sér mikil líkindi á atburði

type of building or civil engineering works	tegund af byggingu eða mannvirkjagerð	type of construction works designating its intended purpose, <i>e.g.</i> dwelling house, retaining wall, industrial building, road bridge	tegund byggingaframkvæmda sem gefa fyrirhugaðan tilgang til kynna, t.d. húsnæði, stoðveggur, atvinnuhúsnæði, vegbrú
type of construction	tegund burðarvirkis	indication of the principal structural material, <i>e.g.</i> reinforced concrete construction, steel construction, timber construction, masonry construction, steel and concrete composite construction	merki um helstu byggingarefni, t.d. bygging úr járnbentri steinsteypu, byggingar úr stáli, byggingar með stálklæðningu, byggingar úr timbri, múrhlaðin bygging, bygging úr blöndu af stáli og steinsteypu
ultimate limit states	lokamarkstaða (stöður)	states associated with collapse or with other similar forms of structural failure	ástand í tengslum við hrun eða aðra svipaða gerð af bilun í burðarvirki
variable action (Q)	breytileg áraun	action for which the variation in magnitude with time is neither negligible nor monotonic	aðgerð þar sem frávik í á umfangi er hvorki hverfandi með tímanum né einhalla
buckling length	kiknunar lengd	length of an equivalent uniform member with pinned ends, which has the same cross-section and the same elastic critical force as the verified uniform member (individual or as a component of a frame structure).	lengd samsvarandi eininga af sömu tegund með pinnum á endunum, sem hafa sama þversnið og sama krítíska fjöðrunarkraftinn og sannprófuð eining af sömu tegund (hvort sem hún er stök eða hluti af burðargrind)
capacity design	þolhönnun	design based on the plastic deformation capacity of a member and its connections providing additional strength in its connections and in other parts connected to the member.	hönnun byggð á þoli einingar og tenginga hennar gagnvart flotbjögun sem veitir tengingunni, og öðrum hlutum sem tengjast einingunni, aukinn styrk

frame	rammi	the whole or a portion of a structure, comprising an assembly of directly connected structural members, designed to act together to resist load; this term refers to both moment-resisting frames and triangulated frames; it covers both plane frames and three-dimensional frames	burðarvirki í heild eða að hluta, sem samanstendur af samsetningu tengdra eininga, hannað til að verka saman til að standast álag; þetta íðorð vísar bæði til vægisþolinna ramma og þríhyrndra ramma; og nær bæði yfir tvívíða- og þrívíða ramma
Sub-frame	undirrammi	a frame that forms part of a larger frame, but is to be treated as an isolated frame in a structural analysis	rammi sem er hluti af stærri ramma en er meðhöndlaður sem einangraður rammi í burðarþolsgreiningu
system length	kerfislengd	distance in a given plane between two adjacent points at which a member is braced against lateral displacement, or between one such point and the end of the member	fjarlægð á tilteknum fleti milli tveggja samliggjandi punkta þar sem byggingareining er skorðuð á móti láréttri tilfærslu, eða á milli eins slíks punktar og enda byggingareiningarinnar
box value of section factor	kassagildi þversniðsstuðuls	ratio between the exposed surface area of a notional bounding box for the section to the volume of aluminium	hlutfallið á milli óvarins flatar á hugsuðum markareit sniðsins og umfangs áls
critical temperature of a structural aluminium member	markhiti burðarvirkiseiningar úr áli?	for a given load level, the temperature at which failure is expected to occur in a structural aluminium member for a uniform temperature distribution	fyrir tiltekið þyngdarstig, á við um hitastigið á þeim punkti þegar gert er ráð fyrir að bilun eigi sér stað í burðarvirkiseiningu úr áli í jafnri dreifingu á hitastigi
effective 0,2 % proof strength	virki 0,2 % flotmörk	for a given temperature, the stress level at which the stress-strain relationship of aluminium gives a 0,2 % permanent strain	fyrir tiltekið hitastig, á við um spennustigið á þeim punkti þegar spennustreitu vensl áls gefur frá sér 0,2% varanlega streitu
fire protection material	brunavarnarefni	Any material or combination of materials applied to a structural member or element for the purpose of increasing its fire resistance	hvaða efni sem er eða samsetning efna sem borið er á burðarvirkiseiningu eða hluta í þeim tilgangi að auka brunaviðnám hennar

part of structure	burðarvirkishluti	isolated part of an entire structure with appropriate support and boundary conditions.	einangraður hluti heils burðarvirkis sem býr yfir viðeigandi stoða- og jaðarskilyrðum
protected members	varðar einingar	Members for which measures are taken to reduce the temperature rise in the member and to prevent or reduce charring due to fire.	einingar þar sem gerðar eru ráðstafanir til að draga úr hækkun á hitastigi þeirra og koma í veg fyrir eða draga úr kolun vegna eldsvoða
resulting emissivity	afleidd eðlisgeislun	the ratio between the actual radiative heat flux to the member and the net heat flux that would occur if the member and its radiative environment were considered as black bodies	hlutfallið á milli raunverulegrar geislunar varmastreymis og hreins varmastreymis sem myndi eiga sér stað ef titið væri á eininguna og geislandi umhverfi hennar sem svarthluta
section factor	stuðull þversniðs	for an aluminium member, the ratio between the exposed surface area and the volume of aluminium; for an enclosed member, the ratio between the internal surface area of the exposed encasement and the volume of aluminium	þegar um ræðir einingu úr áli, hlutfallið á milli óvarða yfirborðsflatarins og magns álsins; þegar um ræðir umlukta einingu, hlutfallið milli innri yfirborðsflatarins á óvörðu hulstrinu og magn áls
base material	grunnefni	the flat sheet aluminium material out of which profiled sheets are made by cold forming	flatt þakplötuefni úr áli (álþynna) sem bylgjulaga plötur eru gerðar úr með kaldmótun
diaphragm action	himnuvirkni	structural behaviour involving in-plane shear in the sheeting	burðarvirkisatferli sem felur í sér skúfáraun í fleti klæðningarinnar
effective thickness	virkt þversnið	a design value of the thickness to allow for local buckling of plane cross section part	hönnunarþykkt sem gerir ráð fyrir staðbundinni kinkun þversniðsflata (þar sem þversniðið er í sléttum fleti)

partial restraint	takmarkaðar skorður	restriction of the lateral or rotational movement, or the torsional or warping deformation, of a member or element, that increases its buckling resistance in a similar way to a spring support, but to a lesser extent than a rigid support.	takmörkun á hliðar- eða snúningshreyfingu, eða vindunar eða bjögunarformbreytingu einingar eða hluta sem eykur sveigjutregðu að svipuðu leyti og fjaðrandi burðarstoð, en í minna mæli en föst undirstoð
proof strength of base material	flotmörk grunnefnis	the 0,2 % proof strength f_o of the base material	0,2% flotmörk f_o grunnefnis
restraint	skorður	restriction of the lateral or rotational movement, or the torsional or warping deformation, of a member or element, that increases its buckling resistance to the same extent as a rigid support.	takmörkun á hliðar- eða snúningshreyfingu, eða vindunar eða bjögunar formbreytingu einingar eða hluta sem eykur sveigjutregðu upp að sama marki og föst undirstoð
slenderness parameter	stiki rengleika	a normalised, material related slenderness ratio	staðlað, efnistengt hlutfall rengleika
support	undirstaða	A location at which a member is able to transfer forces or moments to a foundation, or to another member or other structural component.	staðsetning þar sem eining getur flutt krafta eða kraftvægi til undirstöðunnar, til annarrar einingar, eða til annars byggingarefnis
base ring	grunnbaugur	A base ring is a structural member that passes around the circumference of the structure at the base and provides means of attachment of the structure to a foundation or other element. It is required to ensure that the assumed boundary conditions are achieved in practice.	grunnbaugur er burðarvirkiseining sem fer í kringum ummál neðsta hluta burðarvirkis og veitir úrræði til festinga burðarvirkisins við undirstöðu þess eða annarra eininga. Honum er ætlað að tryggja að gefnum jaðarskilyrðum sé náð í framkvæmd
characteristic buckling stress	einkennandi kiknunarþenna	The membrane stress associated with the characteristic buckling resistance.	þenna í himnu í tengslum við einkennandi sveigjuspennu

critical buckling load	kiknunarálag	The smallest bifurcation or limit load determined assuming the idealised conditions of elastic material behaviour, perfect geometry, perfect load application, perfect support, material isotropy and absence of residual stresses (LBA analysis).	minnsta kvíslun eða álagsmark ákvarðað miðað við fyrirmyndaraðstæður elatískis efnisatferlis, fullkomna rúmfræði, fullkomina álagsbeitingu, fullkomna undirstöðu, og að efnið sé einsátta og laust við afgangsspennu (LBA greining)
critical buckling stress	kiknunarspenna	The membrane stress associated with the critical buckling resistance	himnuspennan í tengslum við kiknunarviðnámið
junction	samtengi	A junction is the point at which any two or more shell segments, or two or more flat plate elements of a box meet. It can include a stiffener or not: the point of attachment of a ring stiffener to the shell or box may be treated as a junction	samtengi er sá punktur þar sem tveir eða fleiri grindarhlutar, eða tvær eða fleiri einingar af flatri plötu á kassa mætast. Það gætur bæði verið með stífu eða án: hægt er að nota tengingu hringstífu við skelina sem samtengi.
key value of the stress	lykilgildi spennu	The value of stress in a non-uniform stress field that is used to characterise the stress magnitudes in a buckling limit state assessment	gildi spennu í ójöfnu spennusviðið sem notað er til að lýsa umfangi spennu í mati á markstöðu kiknunar
ring stiffener	hringstífa/baugstífa	A ring stiffener is a local stiffening member that passes around the circumference of the structure at a given point on the meridian. It is assumed to have no stiffness in the meridional plane of the structure. It is provided to increase the stability or to introduce local loads, not as a primary load-carrying element. In a shell of revolution it is circular, but in rectangular structures it takes the rectangular form of the plan section	staðbundin styrkingareining sem fer í kringum ummál burðarvirkisins á tilteknum punkti lengdarbaugsins. Það er ekki gert ráð fyrir að hún hafi neina stífni á lengdarbaugsfleti burðarvirkisins. Henni er ætlað að auka stöðugleika eða koma á staðbundnu álagi, en ekki vera burðareining. Í snúningsskel er baugstífa hringlaga, en í kassalaga burðarvirkjum er lögun hennar rétthyrnd líkt og á teikningunni

tolerance class	vikmarkaflokkun	the class of requirements to geometrical tolerances for work execution	flokkun á skilyrðum fyrir rúmfræðileg vikmörk í verkframkvæmdum
constant amplitude	stöðug sveifluvídd	relating to a stress history where the stress alternates between stress peaks and stress valleys of constant values	að því er varðar tímaferil spennu þar sem spennan skiptist á milli spennutoppa og spennulægða í föstu gildi
damage tolerance	vikmörk tjóns	ability of the structure to accommodate fatigue cracking without structural failure or unserviceability	geta burðarvirkis til að laga sig að sprungumyndun vegna málmþreytu án bilunar í burðarvirki eða óstarfhæfi
design life	endingartími hönnunar	the reference period of time for which a structure is required to perform safely with an acceptable probability that structural failure by fatigue cracking will not occur	viðmiðunartímabil þess tíma sem krafist er að burðarvirki virki á öruggan hátt með viðunandi líkum á því að bilun í burðarvirki sökum sprungumyndana vegna málmþreytu muni ekki eiga sér stað
design spectrum	hönnunarróf	the total of all stress-range spectra relevant to the fatigue assessment	heild allra rófa spennusviðs sem skipta máli þegar kemur að mati á málmþreytu
fatigue	efnisþreyta	weakening of a structural part, through gradual crack propagation caused by repeated stress fluctuations	veiking á burðarvirkishluta, fyrir tilstilli stigvaxandi sprunguútbreiðslu af völdum endurtekinnna spennusveifla
fatigue loading	þreytuálag	a set of typical load events described by the positions or movements of actions, their variation in intensity and their frequency and sequence of occurrence	röð dæmigerðra álagstilvika sem lýst er með staðsetningu og hreyfingu árauna, breytileika á styrkleika þeirra, tíðni þeirra og röð atvika
mean stress	meðaltal spennu	the mean value of the algebraic sum of maximum and minimum stress values	meðalgildi á summu hámarks- og lágmarksspennugilda
stress amplitude	sveifluvídd spennu	half the value of the stress range	hellingsgildi spennusviðsins

stress history	tímaferill spennu	a continuous chronological record, either measured or calculated, of the stress variation at a particular point in a structure for a given period of time	skrá í samfelldri tímaröð, annaðhvort mæld eða útreiknuð, yfir breytileika í spennu á tilteknum punkti í burðarvirkinu á ákveðnu tímabili
stress intensity range	styrkleiki spennusviðs	the algebraic difference between the maximum stress intensity and the minimum stress intensity derived from the stress peak and the stress valley in a stress cycle	algebrulegur mismunur á hámarks spennustyrkleika og lágmarks spennustyrkleika sem dreginn er af spennutoppi og spennulægð í spennuskeiði
stress intensity ratio	styrkleiki spennuhlutfalls	minimum stress intensity divided by the maximum stress intensity derived from a constant amplitude stress history or a cycle from a variable amplitude stress history	lágmarksspennustyrkleiki deilt með hámarksspennustyrkleikanum sem dreginn er af stöðugri sveifluvídd tímaferils spennu eða skeiði breytilegrar sveifluvíddar tímaferils spennu
stress peak	spennutoppur	a turning point where the rate of change of stress changes from positive to negative	sá vendipunktur þegar tíðni breytinga á spennu breytist úr jákvæðri í neikvæða
stress range	spennusvið	the algebraic difference between the stress peak and the stress valley in a stress cycle	algebrulegur mismunur á milli spennutoppsins og spennulægðarinnar í spennuskeiði
stress valley	spennulægð	a turning point where the rate of change of stress changes from negative to positive	sá vendipunktur þegar sem tíðni breytinga á spennu breytist úr neikvæðri í jákvæða
stress-range spectrum	spennusviðsróf	histogram of the frequency of occurrence for all stress ranges of different magnitudes recorded or calculated for a particular load event (also known as 'stress spectrum')	súlurit sem sýnir tíðni atburða sem nær yfir allt spennusvið í mismunandi umfangi sem skráð er eða reiknað út fyrir tiltekið álag (einnig nefnt spennuróf)
variable amplitude	breytileg sveifluvídd	relating to any stress history containing more than one value of peak or valley stress	að því er varðar hvers kyns tímaferli spennu sem inniheldur fleiri en eitt gildi af spennuhámarki eða spennulægð

shear connection	skúftenging	an interconnection between the concrete and steel components of a composite member that has sufficient strength and stiffness to enable the two components to be designed as parts of a single structural member	samtenging á milli steypunnar og stálþátta samansettrar einingar sem býr yfir nógu miklum styrkleika og stífni til að gera hlutunum tveimur kleift að vera sérhannaðir sem partar af stakri burðareiningu
prestress	forspenna	permanent effect due to controlled forces and /or controlled deformations imposed within a structure	varanleg áhrif sökum stýrðra krafta og/eða stýrðra formbreytinga innan burðarvirkis
precast structures	forsteypt burðarvirki	precast structures are characterised by structural elements manufactured elsewhere than in the final position in the structure. In the structure, elements are connected to ensure the required structural integrity.	forsteypt mannvirki einkennast af burðareiningum sem framleiddar eru utan þeirra staðsetningar sem þeim er ætlað í burðarvirkinu. Einingar eru tengdar innan burðarvirkisins til að tryggja þann heilleika burðarvirkis sem krafist er.
maximum stress level	hámarks spennustig	for a given temperature, the stress level at which the stress strain relationship of steel is truncated to provide a yield plateau	fyrir tiltekið hitastig, spennustigið á þeim punkti sem spennu/þjögunarvensl stáls eru stytt til að ná fram stöðugleika
part of structure	burðarvirkishluti	isolated part of an entire structure with appropriate support and boundary conditions	einangraður hluti frá burðarvirkinu í heild sinni sem býr yfir viðeigandi jaðar- og undirstöðuskilyrðum
protective layers	brunavarnarlög	any material or combination of materials applied to a structural member for the purpose of increasing its fire resistance.	hvert það efni eða efnisblanda sem borið er á burðarvirkiseiningu í þeim tilgangi að auka brunaviðnám hennar
adhesion	viðloðun	the effect of mortar developing a tensile and shear resistance at the contact surface of masonry units	þau áhrif sem verða þegar steypublanda byggir upp tog- og skúfviðnám á snertiflötum múrsteina

bed face	yfirborð undirstöðu	the top or bottom surface of a masonry unit when laid as intended	efsti eða neðsti yfirborðflötur múrsteins þegar búið er að leggja hann eins og til er ætlast
bed joint	fúga	a mortar layer between the bed faces of masonry units	múrlag á milli yfirborðs undirstöðu á múrsteinum
bed joint reinforcement	fúgustyrking	reinforcing steel that is prefabricated for building into a bed joint	forsmíðað, steypustyrkt stál sem sett er í fúgu
concrete infill	steypuuppfylling	a concrete used to fill pre-formed cavities or voids in masonry	steypa sem notuð er til að fylla upp í tilbúin holrúm eða eyður í múrverki
damp proof course/coursing	rakavarnarlag	a layer of sheeting, masonry units or other material used in masonry to resist the passage of water	lög af plötuklæðningum, múrsteinum eða öðru efni sem notað er í múrverki til að standast framrás vatns
factory made (masonry) mortar	verksmiðjuframleidd múrblanda	mortar batched and mixed in a factory	múr sem er blandaður og settur í skammta í verksmiðju
general purpose masonry mortar	múrsteinslím til almennra nota	masonry mortar without special characteristics	múrsteinslím sem er án allra sérstakra einkenna
griphole	grip	a formed void in a masonry unit to enable it to be more readily grasped and lifted with one or both hands or by machine	mótuð hola í múrsteini sem er ætluð til að auðvelda það að ná tókum á honum og lyfta honum með annarri eða báðum höndum eða með vél
grout	fúgu- eða glufufyllir	a pourable mixture of cement, sand and water for filling small voids or spaces	þunnfljótandi blanda úr steinsteypu, sandi og vatni notuð til að fylla upp í litlar glufur
load-bearing wall	burðarveggur	a wall primarily designed to carry an imposed load in addition to its own weight	veggur sem er hannaður með það í huga að taka á sig þunga áraunar auk eigin þyngdar
masonry	múrverk	an assemblage of masonry units laid in a specified pattern and joined together with mortar	samansafn múrsteina sem lagðir eru í tiltekið snið og tengdir saman með steypublöndu

masonry mortar	múrverkslím	mixture of one or more inorganic binders, aggregates and water, and sometimes additions and/or admixtures, for bedding, jointing and pointing of masonry	blanda af einu eða fleiri ólífrænum bindiefnum, fylliefnum og vatni, og stundum uppbotar- og/eða íblöndunarefni, notað í undirburð, samtengingu og þéttingu
masonry unit	múrsteinn	a preformed component, intended for use in masonry construction	tilbúinn hluti heildar, notaður í byggingaframvæmdir í múrverki
recess	dæld	indentation formed in the face of a wall	skörð sem mynduð eru á yfirborði veggis
reinforcing steel	bendistál	steel reinforcement for use in masonry	steypustyrktarjárn sem notað er í múrverki
strap	gyrði	a device for connecting masonry members to other adjacent components, such as floors and roofs	útbúnaður sem er til þess gerður að tengja múrverkseiningar við aðra aðliggjandi hluta burðarvirkis á borð við gólf og þök
cladding	klæðning	the part of the building which provides a weatherproof membrane. Generally cladding will only carry self weight and/or wind actions	sá hluti byggingar sem ljáir henni veðurþolna himnu. Klæðning ber vanalega aðeins eigin þyngd og/eða vindáraunir.
basement wall	kjallaraveggur	a retaining wall constructed partly or fully below ground level	stoðveggur sem er smíðaður að hluta eða að öllu leyti undir yfirborði jarðar
geotechnical action	jarðtæknileg áraun	action transmitted to the structure by the ground, fill, standing water or ground-water	áraun sem berst til burðarvirkisins gegnum jarðveginn, fyllingu, kyrrstætt vatn eða grunnvatn
stiffness	stífleiki	material resistance against deformation	viðnám efnis gagnvart formbreytingum
degree of cold forming	stig kaldmótunar	Permanent strain from cold forming measured as a percentage.	varanleg bjögun kaldmótunar mæld í prósentutölu
stainless steel	ryðfrítt stál	All steels referred to in EN 1993-1-4.	allt stál sem getið er um í staðlinum EN 1993-1-4
relative slenderness	hlutfallslegur rengluleiki	A normalized non-dimensional slenderness ratio	stöðluð renglutala
steel core thickness	þykkt stálkjarna	A nominal thickness minus zinc and other metallic coating layers (tcor).	tilgreind þykkt að frádregnu sinki og öðrum húðunarlögum úr málm

membrane stress	himnuspenna	stress at mid-plane of the plate	spenna í miðfleti plötunnar
plated structure	málmhúðað burðarvirki	a structure built up from nominally flat plates which are connected together; the plates may be stiffened or unstiffened	burðarvirki sem að nafninu til er byggð úr flötum plötum sem eru tengdar saman. Plöturnar geta bæði verið með eða án styrkingar.
shell	skel	A structure or a structural component formed from a curved thin plate.	burðarvirki, eða hluti þess, sem er myndað úr sveigðri, þunnri plötu
abutment	stöpull	any end support of a bridge	hvers kyns endastoð brúar
bearing	lega	structural support located between the superstructure and an abutment or pier of the bridge that transfers loads from the deck to the abutment or pier	undirstaða sem staðsett er á milli yfirbyggingar og stöpulls brúarinnar og flytur álag frá brúargólfinu yfir á stöpulinn
headroom	lofthæð	clear height available for traffic	frjáls hæð sem tiltæk er fyrir umferð
integral abutment	innbyggður stöpull	abutment that is connected to the deck without any movement joint	stöpull sem er tengdur við brúargólfið án hreyfanlegra samskeyta
pier	viðlegukantur	intermediate support of a bridge, situated under the deck	milli-undirstaða brúar, sem staðsett er undir brúargólfinu
liner	girði	the structural element (membrane) of the lining system, contained within the structural shell	burðarvirkiseining (himna) klæðningarkerfisins, sem er staðsett innan burðarskeljarinnar
barrel	tunna	the vertical walled section of a silo	sá hluti geymsluturns sem er með lóðrétta vegg
junction	samtengi	the point at which two or more shell segments meet: it can include a stiffener or not: the point of attachment of a ring stiffener to the shell may be treated as a junction	sá punktur þar sem tveir eða fleiri skeljahlutar mætast: hann getur bæði falið í sér stífu eða ekki: tengipunktur baugstífu við skelina getur verið meðhöndlaður sem samtengi
transition junction	skiptisamskeyti	the junction between the barrel and hopper. The junction can be at the base of the barrel or part way down it.	Samtengi á milli tunnunnar og skammtarans. Samtengið getur verið staðsett á botni tunnunnar eða að hluta til niðri í henni.

operating pressure (OP)	vinnsluþrýstingur	the pressure, which occurs within a system under normal operating conditions.	sá þrýstingur sem verið til innan kerfis við eðlileg vinnsluskilyrði
operating temperature (OT)	ganghiti	the temperature, which occurs within a system under normal operating conditions.	það hitastig sem veriður til innan kerfis við eðlileg vinnsluskilyrði
foundation	grunnur	part of a construction work including piles and possibly their pile cap.	þáttur byggingarvinnu sem felur í sér staura og jafnvel staurahettur
importance factor	mikilvægisstuðull	factor which relates to the consequences of a structural failure	stuðull sem tengist afeiðingum bilana í burðarvirki
LVL	límtré	Laminated veneer lumber, defined according to EN 14279 and EN 14374	límtré sem skilgreint er út frá stöðlunum EN 14279 og EN 14374
slip modulus	skrikstuðull	a property used in the calculation of the deformation between two members of a structure.	eiginleiki notaður í útreikningum á formbreytinum milli tveggja burðarvirkiseininga
stiffness property	stífnieiginleiki	a property used in the calculation of the deformation of the structure, such as modulus of elasticity, shear modulus, slip modulus.	eiginleiki notaður í útreikningum á formbreytingum burðarvirkis, á borð við fjöðrun, skúfstuðul og stuðul skriðs
laminated deck plates	lagskiptar pallaplötur	Deck plates made of laminations, arranged edgewise or flatwise, held together by mechanical fasteners or gluing, see figures 1.2 and 1.3.	pallur úr lagskiptum plötum, sem raðað er á rönd eða með flathliðina upp, og haldið saman með burðarfestingum eða þær límdar saman, sjá mynd 1.2 og 1.3
pre-stressing	forspenning	A permanent effect due to controlled forces and/or deformations imposed on a structure	varanleg áhrif sökum stýrðra krafta og/eða formbreytinga sem leggjast á burðarvirki
disturbed sample	raskað sýni	sample where the soil structure, water content and/or constituents have been changed during sampling	sýni, í því tilviki þegar uppbygging jarðvegs, vatnsinnihald og/eða efnisþættir hafa breyst meðan á sýnatöku stendur
measured value	mæligildi	value that is measured in a test	gildi sem mælt er með prófun

quality class	gæðaflokkun	classification by which the quality of a soil sample is assessed in the laboratory	flokkun sem notuð er á rannsóknarstofu til að meta gæði jarðvegssýnis
sample	sýni	portion of soil or rock recovered from the ground by sampling techniques	partur af jarðvegi eða bergi sem unnið er úr jörðu með ákveðnum sýnatökuaðferðum
specimen	sýnishorn	part of a soil or rock sample used for a laboratory test	hluti af sýni úr jarðvegi eða bergi sem notað er til prófunar á rannsóknarstofu
swelling	þrútnun	expansion due to reduction of effective stress resulting from either reduction of total stress or absorption of (in general) water at constant total stress	þensla sökum lækkunar á virkri spennu sem stafar annað hvort af lækkun á heildarspennu eða upptöku á vatni (almennt) við fasta heildarspennu
undisturbed sample	óraskað sýni	sample where no change in the soil characteristics of practical significance has occurred	sýni tekið úr jarðvegi þar sem engar raunhæfar breytingar á eiginleikum hans hafa átt sér stað